Trjáklippingar



Trjágróður er víða að finna í kirkjugörðum. Tilurð og tilgangur gróðursins getur verið nokkuð misjafn þar sem ýmist er um að ræða tré og runna sem aðstandendur hafa plantað á leiði áður en settar voru reglur sem bönnuðu það eða trjágróður sem umsjónamenn kirkjugarða hafa plantað til að mynda skjól í garðinum. Trjágróður þarf að snyrta til með reglulegu millibili til að viðhalda heilbrigðu og góðu útliti.

Vélar og verkfæri

Við klippingar þarf að nota ýmiskonar verkfæri. Þar má helst nefna handklippur, kraftklippur og handsagir. Við stærri framkvæmdir s.s. fellingar á trjám eða snyrtingar á mjög stórum trjám getur verið þörf á að nota keðjusög. Keðjusög þarf að að beita af þekkingu og varfærni og því ekki æskilegt að aðrir en þeir sem setið hafa námskeið í notkun þeirra taki að sér vinnu af því tagi.

Til að klippa vel og skilja eftir sig hrein og snyrtileg sár þarf að passa að öll verkfæri séu hrein og vel brýnd. Handklippur og kraftklippur er hægt að brýna auðveldlega án þess að þurfi að taka þær í sundur. Handsagir eru yfirleitt með tvöföldu blaði sem þarf að skipta út þegar bitið er farið að verða slæmt. Keðjuna á keðjusög þarf að brýna daglega og jafnvel oft á dag ef hún er í daglegri notkun, sjaldnar ef eingöngu er sagað ein og ein grein við hin ýmsu tækifæri.

Verkfæri þurfa líka að vera hrein og því er mikilvægt að þurrka reglulega af klippum og hreinsa alla skurðarfleti. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem verkfærin hafa verið notuð við klippingar á trjám og runnum sem eru sýkt af t.d. ryðsvepp eða öðrum slíkum sjúkdómum eða ef þau eru með lús eða maðk sem getur auðveldlega borist á milli plantna með verkfærunum.

Almennar trjáklippingar

Helstu verk sem þarf að hafa auga með og sinna reglulega í umhirðu trjáa er að klippa burt greinar sem eru dauðar, brotnar, sjúkar eða skemmdar. Í þessu fellst að skoða vel trjákrónuna að vori, fyrir laufgun, þegar greinabygging trésins sést vel og auðvelt er að komast að með helstu verkfæri sem þarf s.s. greinasagir, kraftklippur eða handklippur. Greinar sem hafa skemmst eða brotnað geta valdið heilbrigðum greinum skaða ef þær eru látnar vera með því að nuddast utan í þær, skyggja á birtu eða draga til sín orku sem gæti betur nýst annarsstaðar. Með því að klippa/saga þær burt nær tréð oft betur að loka sárum og við minnkum líkur á að rot eða fúi nái að dreifa sér í heilbrigðan við.

Greinar sem slúta ýmist vegna þunga eða vegna þess að þær hafa brotnað þarf að fjarlægja áður en þær valda skaða á umhverfi sínu. Stórar þungar trjágreinar geta auðveldlega skemmt eða brotið minningamörk og annað sem finna má á leiðum, falli þær til jarðar. Einnig þarf að líta eftir hættumerkjum s.s. greinum sem hafa lélega greinafestu. Það er ef tenging greinarinnar við stofninn er ekki mjög trygg og greinin líkleg til að rifna af í slæmum veðrum.

Hér má sjá dæmi um lélega greinafestu

Reglulega getur þurft að klippa burt greinar innan úr krónu trjáa til að létta á og gefa öðrum pláss til að vaxa og dafna. Það minnkar líkur á greinar nuddist saman og skemmi hver aðra auk þess að létta á trénu og bæta birtuskilyrði fyrir þær greinar sem eftir verða. Almennar klippingar sem þessar þarf jafnan að framkvæma á 4-6 ára fresti en hafa þarf auga með skemmdum og brotnum greinum árlega og fjarlægja svo þær valdi ekki skaða.

Aðferðir

Þegar fjarlægja þarf grein af tré þarf að passa að klippt sé á réttum stað og notuð til þess rétt verkfæri. Handklippur eru ætlaðar til að taka smærri greinar á trjám og runnum og í ýmiskonar smá snyrtingar. Um leið og greinarnar sem á að fjarlægja verða stærri þarf að nota stærri verkfæri. Þegar handklippurnar duga ekki til er hægt að nota kraftklippur og færa sig svo yfir í handsögina þegar greinarnar verða enn stærri. Ef notuð eru smá verkfæri í stórar greinar aukast líkurnar á því að eftir verði skakkt, tætt eða ósnyrtilegt sár sem er veikara fyrir sýkingum og er lengur að lokast en ef vel er staðið að verki með réttum verkfærum.

Þar sem grein vex út úr stofni trés er svokallaður greinakragi. Greinakraginn er eins og hringur utan um greinina og í honum er allt það sem tréð þarf til þess að loka sárinu ef greinin er söguð af. Við klippingar þarf að passa sérstaklega vel upp á það að særa ekki greinakragann þegar grein er fjarlægð. Sé þetta rétt gert lokast sárið eins og hringur sem minnkar og minnkar en ef greinkraginn særist við klippingar þá verður sárið ójafnt, oft ílangt og er lengur að lokast að fullu.

Greinakragi heill og lokast rétt

Greinakragi særður og lokun ekki hringlaga

Mótun og vaxtastýring ungra trjáa

Þar sem trjám er plantað í kirkjugarða til að mynda skjól eða bæta ásýnd (ekki af aðstandendum heldur kirkjugarðsstjórn/umsjónamanni) getur þurf að móta þau og snyrta frá útplöntun. Ung tré eru best á sig komin til að loka sárum og þá er líka besti tíminn til að stýra því hvernig og hvert þau munu vaxa í framtíðinni. Það getur þurft að fækka stofnum og móta trjákrónuna ef stefnt er að því að fá tré með háa krónu og beinan stofn. Það getur þurft að stytta greinar og breikka trjákrónuna ef ætlunin er að fá gott skjól. Það veltur því mikið á því hvaða lokaniðurstöðu við viljum fá hvernig við mótum trén frá unga aldri. Ekki er æskilegt að bíða með allar klippingar þar til trén verða stór því þá verða eftir stærri sár þegar hafist er handa við að móta krónuna og fjarlægja greinar.

Gömul tré

Fylgjast þarf vel með eldri trjám sem eru farin að láta verulega á sjá. Trjátegundirnar hafa allar sinn lífaldur. Hámarks aldur trjátegunda sem við notum mikið á Íslandi s.s. birki og reyniviður er ekki mjög hár eða um 80-120 ár. Víða í eldri kirkjugörðum þá er trjágróðurinn kominn á þennan aldur og tré farin að láta verulega á sjá. Þegar tré eldast og nálgast endalokin fara greinar að slúta meira en verið hefur. Stofn trésins getur tekið að halla og það hálf partinn lagst út af. Endurnýjun greina og laufgun lætur oft á sjá og algengara er að einstaka greinar drepist og falli jafnvel af í veðri og vindum. Þegar þetta ferli hefst þarf að hafa vökul augu á þessum trjám og framkvæma það sem við köllum öryggisklippingar. Þá eru greinar sem eru taldar eiga á hættu að brotna, valda skaða á umhverfi sínu eða gangandi vegfarendum fjarlægðar. Meta þarf hvenær æskilegt er að fjarlægja tré út frá staðsetningu þeirra og ástandi auk mögulegrar hættu sem af þeim stafar ef þau falla.

Myndir og texti: Ágústa Erlingsdóttir, skrúðgarðyrkjumeistari